

Mál nr. 38/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/A

og

Erlent vátryggingafélag sem ekki er nefnt í gögnum málsins v/B

Árekstur á Vestfjarðavegi (göngum) Breiðdalslegg þann 23.10.2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22.02. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 23.02. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið á móti hvor annarri í Vestfjarðagöngum. Álitaefnið er hvort ökumenn hafi gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var miðað við akstur í umræddum göngum.

Vátryggingafélag A lætur þess getið að það taki ekki afstöðu til málsins gagnvart nefndinni.

Ekki kemur fram í gögnum málsins hvaða erlenda vátryggingafélag vátryggir bifreiðina B.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist hvorugur ökumanna hafa gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var við akstur í umræddum göngum. Áreksturinn má rekja til ógætilegs aksturs beggja ökumanna. Með hliðsjón af framanrituðu og úrskurði nefndarinnar í máli 141/1997 er ekki tilefni til að leggja meiri sök á annan ökumanninn fremur en hinn.

Athygli vekur að í gögnum málsins er ekki upplýst um vátryggjanda bifreiðarinnar B. Ekki er tilefni til frávísunar málsins þrátt fyrir að ekki sé upplýst um hinn erlenda vátryggjanda og ekki er ástæða fyrir nefndina að reyna að afla upplýsinga um hann. Mál það sem hér er til umræðu tekur fyrst og fremst á réttarstöðu aðila út frá ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 14. mars 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.